

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Að sækja um pláss: Hægt er að fylla út umsókn á heimasíðu skólans undir www.flataskoli.is/eydublod og skila á skrifstofu skólans eða til umsjónarmanns. Einnig er hægt að sækja um í gegnum Minn Garðabæ.

Greiðslur: Greiðslur fara í gegnum Garðabæ, og er rukkað mánuð fyrirfram. Gjaldskrá má sjá á heimasíðu Garðabæjar. Ekki er tekið gjald fyrir ágúst og júní mánuð en rukkað er fullt gjald fyrir desember og páskamánuðinn.

Systkinaafsláttur: Ef fleiri en eitt barn eru í dvöl á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga foreldrar rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Sækja þarf um systkinaafsláttinn með því að fylla út eyðublað um systkinaafslátt á vef Garðabæjar.

Uppsögn á plássi eða tilkynning um breytta dagvistun skal berast skriflega til umsjónarmanns fyrir 22. hvers mánaðar, annars er hætta á að breytingar gangi ekki í gegn!

MIKILVÆG ATRIÐI

- Börn mega ekki taka dót með sér í Krakkakot.
- Ef breyting verður á dvöl barns verður að láta umsjónarmann vita fyrir kl. 13:00 sama dag annars verður farið eftir umsókn með dvöl í Krakkakoti.
- Farsímar eru bannaðir og geyma skal síma í skólatöskunni.
- Ef barn ætlar að fá að fara heim með öðru barni úr Krakkakoti þarf að láta umsjónarmann vita af því með dags fyrirvara eða fyrir kl. 13:00 sama dag. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja leyfis þannig.
- Krakkar fá ekki að hringja í foreldra nema að um neyðartilvik eða sérstök tilfelli sé um að ræða.
- Við brýnum fyrir foreldrum að koma inn og sækja börnin og láta starfsmenn vita nema búið sé að láta vita að barnið gangi sjálft heim.



Flataskóli Garðabæ stofnaður 1958

Krakkakot

TÓMSTUNDAHEIMILI
FLATASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2014-2015



Opnunartími:

Kl. 14:00-17:00
alla virka daga

Umsjónarmaður:

Rósa Siemsen
rosasi@flataskoli.is

Sími:

565-8319
820-8557

Netfang:

tomstundaheimili@flataskoli.is

Finndu okkur á Facebook:

Krakkakot - Flataskóla

KRAKKAKOT

Um Krakkakot: Tómsundaheimilið Krakkakot er opið öllum nemendum í 1.– 4. bekk Flataskóla.

Húsnæði: Krakkakot er staðsett í suðurálmú skólans og eru þar okkar aðalhöfuðstöðvar sem og skrifstofa umsjónarmanns. Einnig nýtum við okkur fleiri staði eins og tölvuver skólans, bókasafnið, hátíðarsalinn, heimilisfræðistofuna og að sjálfsögðu skólalóðina, auk battavallana og skóláhreystibrautarinnar.

Opnunartími: Starfsemi tómsundaheimilisins miðast við skólaárið eins og það er hverju sinni og kemur fram á skóladagatali. Í jóla-, páska- og vetrarleyfi er Krakkakot opið frá kl. 8:00-17:00 nema á aðfangadag og gamlársgang.

Á starfsdögum skólans og þá daga sem kennsla fellur niður vegna nemenda- og foreldraviðtala er tómsundaheimilið opið allan daginn. Sækja þarf um vistun sérstaklega fyrir þessa daga!

UPPBYGGING OG STARFSEMI

Innskráning: Börnin byrja daginn að láta merkja við sig þegar þau koma í Krakkakot.

Síðdegishressing: Í boði er að kaupa hressingu frá Skólamat og er greitt fyrir það sérstaklega. Senda þarf umsókn um það á skolamatur@skolamatur.is. Þau börn sem ekki eru skráð þurfa að koma með nesti að heiman.

Val: Á hverjum degi er val þar sem börnin geta valið sér viðfangsefni. Yfirleitt eru 4-5 svæði á hverjum degi til að velja úr.

Þegar líða fer undir lok dags er farið að ganga frá svæðum og sjá börnin um það í samvinnu við starfsmenn Krakkakots. Endað er á rólegri stund þar sem börnin geta sest niður í rólegheitum og lesið bækur, hlustað á sögur og spilað spil.

Dæmi um dagskipulag:

14:00: Börn mæta – innskráning

14:10-14:50: Útivist/hópastarf

15:00-15:20: Síðdegishressing

15:20-16:00: Val/hópastarf

16:00-17:00: Frágangur og róleg stund

SAMSKIPTI VIÐ KRAKKAKOT

Við í Krakkakoti leggjum ríka áherslu á góð og gagnleg samskipti við foreldra og forráðamenn barna í Krakkakoti.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að koma öllum skilaboðum er varðar barn þeirra fyrir kl 13:00 á daginn.

Hægt að hringja í s. 565-8319 eða senda sms í s. 820-8557.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á tomstundaheimili@flataskoli.is.

Endilega sendið umsjónarmanni línu ef einhverjar spurningar vakna eða ef þið hafið einhverjar ábendingar um það sem betur má fara.